



Félag háskólakennara

5. fundur stjórnar Félags háskólakennara 2022/2023 haldinn mánudaginn 2. nóvember 2022 í Bændahöllinni kl. 11:45

Fundinn sátu: Baldvin Zarioh formaður, Jens Guðmundur Hjörleifsson, Guðmundur Ingi Guðmundsson, Berglind Eva Benediksdóttir, Ármann Höskuldsson, Íris Davíðsdóttir, Jóna Margrét Ólafsdóttir og Pontus Erik Gunnar Jarvstad. Helga Birna Ingmundardóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 5. október 2022.
2. Skipun í Siðanefnd HÍ sbr. tölvupóst dags. 29. nóv. Skipunartími er til þriggja ára frá janúar 2023 til 31. desember 2025. Frestur til 13. desember nk.
3. Ferð til Bath, vegna endurskoðunar starfsmatskerfisins SKREF
4. Kjaramál:
 - i. Umræðurfundir með félagsmönnum um kjaramál 17. - 18. nóvember.
 - ii. Fundur með FPR og HAK, dags. 24. nóvember.
 - iii. Fundur akademískra stjórnarmanna með GRJ, dags. 16. nóvember.
 - iv. Launatölur, sjá meðfylgjandi.
 - v. Framhald kröfugerðar.
 - vi. Undanþágulistar, erindi frá HÍ, meðfylgjandi.
 - vi. Staða kjaramála hjá BHM.
5. Drög að síðareglum BHM, meðfylgjandi.
6. Fréttir frá BHM.
7. Fréttir af nefnd um samræmda kennslu.

1. Fundargerð stjórnarfundar Félags háskólakennara, dags. 2. nóvember 2022

Fundargerðin var samþykkt.

2. Kjaramál

i. Staða karamála hjá BHM. Baldvin sagði frá vinnu BHM vegna undirbúnings „Jafnréttissamningsins“ sem til stendur að aðildarfélög BHM fari fram með á komandi vikum. Þá mun BHM kynna nýja skýrslu um virði menntunar sem unnin hefur verið af Hagfræðistofnun HÍ. Skýrslan verður grunnur þeirra krafna sem verða meðal áherslumála BHM í komandi kjarasamningum. Rætt var um að málefni Menntasjóðs (LÍN) og vakin athygli á því að ekkert er minnst á námslán í Jafnréttissamningnum.

ii. Fundur akademískra stjórnarmanna um kjaramál. Jens og Berglind fóru yfir glærur með áhersluatriðum sem akademískir stjórnarmenn leggja til að verði sett á oddinn í komandi kjarasamningum. Ákveðið var að fá fund með HÍ til að kynna og ræða kröfurnar.

iii. Baldvin sagði frá fundi með fulltrúum HÍ vegna starfsmatskerfisins SKREF. Mikill vilji er til úrbóta á kerfinu og HÍ hefur fengið kynningu frá háskólum í Bretlandi sem halda úti svipuðu kerfi fyrir sína starfsmenn. Áætlað er að fara í kynningarferð vegna þessa til Bath í enda þessa mánaðar.

iv-v. Rætt var um áætlaðan vinnufund stjórnar um kjaramál og kynningafundi á sviðum til undirbúnings kjaraviðræðna. Ákveðið var að hafa kynningarfundi fyrir félagsmenn eftir sviðum/stofnunum á Teams í vikunni 14. – 18. nóvember nk. og færa vinnufund stjórnar um kjaramál fram um a.m.k. viku.

3. Reglur vinnumatssjóð

Baldvin sagði frá því að á fundi samráðsnefndar um kjaramál í febrúar sl. hafi verið ákveðið að lesa yfir reglur vinnumatssjóðs með það fyrir augum að breyta orðalagi þeirra m.t.t. þess verklags sem er í gildi. Fyrir fundinn lágu drög að nokkrum orðalagsbreytingum.

4. Fréttir af BHM

Baldvin sagði frá fundi formannaráðs þann 19. október sl.

5. Fréttir af nefnd um samræmda kennslu

Berglind sagði að samræming kennslu væru til skoðunar á öllum fræðasviðum HÍ.

6. Félagsmenn Fh og nýting þeirra í Styrkar- og Starfsmenntunarsjóði BHM

Meðal fundargagna voru tvö skjöl er sýna nýtingu félagsmanna Félags háskólakennara í Styrktarsjóð BHM annars vegar og Starfsmenntunarsjóð BHM hins vegar, á árunum 2019 til okt. 2022.

Önnur mál

Baldvin sagði frá fundi sem áætlaður er með FHA og FPR í enda mánaðarins, til að þess að bera saman kröfur félaganna í komandi kjarasamningum.

Baldvin sagði frá tilnefndingu Fh og FPR í ráð um málefni fatlaðs fólks.

Guðmundur Ingi minnti á þann mun sem er á ármatsgreiðslum starfsmanna stjórnslu HÍ annars vegar og starfsmanna LBS hins vegar ásamt misræmi í launaröðun sömu hópa í starfsmatskerfum HÍ og LBS. Þennan mun verður að hafa í huga við næstu kjarasamningsgerð og finna laus á honum til leiðréttingar.

Baldvin og Jens sögðu frá fundi sem þeir áttu með formanni FPR um nýliðunarvanda akademískra starfsmanna. Ætlunin er að taka saman töluleg gögn um vandann og afhenda rektor minnisblað um efnið.

Fleira ekki gert, fundi lauk kl. 13:30.

Næsti fundur 7. desember nk. kl. 11:45 í Bændahöllinni.

Vinnufundur stjórnar um kjaramála er óákveðinn.